



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

**Til:** Starfshóps um stofnun Þróunarfélags Grundartanga      Reykjavík, 16. október 2015.  
Björgvin Helgason, oddviti

**Frá:** Skatta- og lögfræðisviði KPMG ehf.  
Jónasi Rafn Tómassyni, hdl.  
Oddi G. Jónssyni, verkefnastjóra

**Efni:** Umræðupunktur um félagsform vegna stofnunar Þróunarfélags fyrir Grundartanga

Til KPMG hefur leitað starfshópur um stofnun Þróunarfélags Grundartanga (ÞG). Hefur hópurinn óskað eftir að KPMG taki saman stutt yfirlit yfir algengustu form félaga sem þekkjast á Íslandi og gætu hentað sem rekstrarform fyrir ÞG. KPMG hefur við vinnu sína einu sinni hitt starfshópinn, auk þess að fá í hendur punkta, meðal annars um markmið og verkefni ÞG.

Helstu markmið félagsins, að mati starfshópsins eru eftirfarandi:

- Kynna valkosti í búsetu hjá sveitarfélögum sem standa að þróunarfélaginu. Vinna að bættri og jákvæðari ímynd svæðisins, t.a.m með öflugum mengunarvörnum og bættri nýtingu auðlinda. Lögð verði áhersla á bætta ásýnd og fegur umhverfisins og markvisst verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Styðja þarf við og efla rannsóknir á sviði umhverfismála við Grundartanga og auka trúverðugleika umhverfisvöktunar sem stunduð er á svæðinu.
- Kynna Grundartanga sem góðan valkost fyrir fjárfestum, sem stefna að uppbyggingu á starfsemi sem fellur að markmiðum skipulagsáætlana á svæðinu. Áhersla verði á uppbyggingu fyrirtækja sem stuðla að framhaldsvinnslu á þeim afurðum sem falla til á Grundartanga. Einnig verði lögð áhersla á nýtingu úrgangs og afgangsortku sem fellur til frá fyrirtækjum sem eru á Grundartanga. Leggja skal áherslu á uppbyggingu starfsemi sem byggir á endurnýtanlegri orku og veldur lágmarks umhverfisáhrifum.
- Styðja og efla samstarf fyrirtækja á Grundartanga og verkmenntaskóla, háskóla og rannsóknarstofnana á atvinnusvæðinu sem muni leiða til öflugri starfsemi allra þessara aðila. Þá verði stutt við nýsköpun og frumkvöðlastarf á svæðinu.
- Stuðla að hagkvæmum og umhverfisvænum almenningssamgöngum, sem myndu tengja atvinnusvæðið í heild betur saman.
- Stuðla að því að uppbygging iðnaðar- og athafnasvæðisins á Grundartanga hafi jákvæð áhrif á samfélagið á atvinnusvæðinu með vísan til samfélagslegrar ábyrgðar, t.d á sviði mennta, menningar, lýðheilsu og rannsókna.

Helstu félagiform sem þekkjast á Íslandi eru eftirfarandi:

- Samlagshlutafélög
- Sameignarfélag
- Samlagsfélög
- Bygðasamlög sveitarfélaga
- Sjálfseignarstofnanir
- Hluta- og einkahlutafélög

Að mati KPMG er óvarlegt að ÞG verði í formi sameignar- eða samlagsfélags. Ástæða þessa er sú að félagsmenn slíkra félaga kunna að bera töluverða ábyrgð, umfram tillag sitt til slíks félags og á slíkt hið sama raunar einnig við um samlagshlutafélög og bygðasamlög. Þegar af þeirri ástæðu er ekki frekari umfjöllun að finna í minnisblaði þessu um slík félagiform.

Hér á eftir er að finna umfjöllun um þau félagsform sem helst til greina koma, að mati KPMG, um ÞG.

### ***Hluta- og einkahlutafélög***

Er hér um að ræða eitt algengasta form félaga á Íslandi. Um félögin gilda lögbundnar formreglur og réttindi og skyldur aðila vel þekktar, bæði hvað hluthafa varðar og þá sem taka að sér trúnaðarstörf í slíkum félögum, í umboði hluthafa.

Hlutafélög bera ávallt sjálfstæða skattaðild og greiða því skatt af hagnaði sínum. Þannig er mikilvægt að hafa í huga að allar tekjur að frádregnum gjöldum eru skattskyldar og á það við um hverskonar styrki sem félaginu hlotnast. Ekki er sjálfgefið að gjöld (rekstrarkostnaður) ÞG, í formi hlutafélags, séu frádráttarbær í skilningi skattalöggjafar, enda er markmið félagsins ekki að hagnast, þ.e. ekki er stofnað til gjaldanna til að afla eða viðhalda tekjum, svo sem er skilyrði frádráttar í skattalegu tilliti. Tekið skal fram að hlutafjárframlög eigenda teljast ekki til tekna og því ávallt fyrir hendi sá möguleiki að auka hlutafé í stað þess að veita félaginu rekstrarstyrki.

Hér að framan var vísað til þess að tekjur hlutafélaga, að frádregnum frádráttarbærum kostnaði myndu skattleggjast og er skatthlutfallið 20%. Því til viðbótar skal á benti að séu eigendur slíkra félaga aðilar undanþegnir skattskyldu greiðist 20% fjármagnstekjuskattur af úttektum. Þannig myndu t.d. sveitarfélög sæta 20% skattlagningu af arði og söguhagnaði og af úthlutun við slit, þ.e. úthlutun verðmæta umfram framlagt hlutafé.

### ***Hluta- og einkahlutafélög undanþegin greiðslu tekjuskatts***

Þrátt fyrir framangreint um skattskyldu hlutafélaga, skal á benti að slík félög kunna að vera undanþegin greiðslu tekjuskatts, þrátt fyrir að bera sjálfstæða skattaðild. Skilyrði skattleysis eru að hagnaði félagsins sé varið til almannaheilla og að hluthafar geri ekki kröfu um arð. Til að hnykkja á því síðastsagða, þá geta hluthafar ekki fengið greitt út úr félaginu, hvorki arð, andlag lækkunar hlutafjár eða úthlutun við félagsslit. Þannig er ljóst að hluthafar gætu ekki fengið í sinn hlut hlutdeild í mögulegum ávinningi eða verðmætum sem kynnu að skapast inni í félaginu, nema því eins að ávinningurinn skattlegðist. Má því segja að með þessu móti sé einkahlutafélag í raun farið að nálgast það að vera sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri.

Þrátt fyrir að eigendum sé ekki heimilt að taka út arð eða eigið fé til sín á annan hátt við slíkar aðstæður, þá eru ýmsar leiðir til þess að nýta mögulegan hagnað t.d í heimabyggð. Félagið gæti meðal annars haft að markmiði að styrkja ýmsa innviði samfélagsins svo sem með framlögum til mennta- og fræðslustofnana.

Benda skal á að ekki þarf að ákvarða í upphafi, við stofnun, hvort félagið skuli vera rekið í „almannaheilla“ tilgangi. Þannig er hægt að fara af stað og stofna hefðbundið félag, en þegar og ef í það stefnir að félagið hagnist og sjái fram á að greiða tekjuskatt, þá er hægt að bregðast við með því að breyta samþykktum að þessu leyti.

#### *Stjórnareiningar í hluta- og einkahlutafélögum*

Í fyrirleggjandi gögnum frá starfshópi hafa verið settar fram hugmyndir um að undir félagsstjórn muni starfa starfsstjórn sem færi með stjórn félagsins í umboði stjórnar. Að mati KPMG er ekkert sem kemur í veg fyrir að fyrirkomulag yrði með þessum hætti í hlutafélagi. Starfsstjórnin yrði þá í hlutverki nokkurskonar framkvæmdastjórnar sem færi með stjórn daglegs rekstrar samhliða framkvæmdastjóra.

Í stað þess að haga málum með framangreindum hætti skal bent á að hlutafélagalöggjöf gerir ráð fyrir að skipa/kjósa megi svokallaða fulltrúanefnd. Er slíkri nefnd meðal annars ætlað að hafa eftirlit með störfum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra. Þannig er um að ræða auka millilag stjórnenda, stjórnareining sem er ofar félagsstjórn í stjórnskipan félagsins.

#### *Mismunandi hlutaflokkar í hluta- og einkahlutafélögum*

Fram hafa komið hugmyndir um að fyrirtæki sem starfa á Grundartanga komi á einhvern hátt að ÞG, þó þannig að sveitarfélögin hafi ávallt meirihlutavald. Því markmiði er hægt að ná fram t.d. með því að gefa út mismunandi hlutafjórflökka í hlutafélagi. Þannig gætu sveitarfélögin sameinast um eignarhald á einum flokki hlutafjár en aðrir hluthafar sameinast um annan hlutaflokk. Samþykktir myndu innihalda ákvæði um það að meirihluti atkvæðavægis væri ávallt í höndum þess flokks sem væri í eigu sveitarfélaganna. Þá myndi jafnframt vera tryggt í samþykktum að ekki væri hægt að breyta samþykktum að þessu leyti, nema með fullu samþykki hlutaflokksins sem yrði í eigu sveitarfélaganna.

#### *Sjálfsseignarstofnanir*

Til eru tvær tegundir sjálfsseignarstofnana, annarsvegar stofnanir sem stunda atvinnurekstur og svo stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá. Eins og nafngiftirnar gefa til kynna liggur munurinn á þessum formum stofnanna helst í því að önnur telst stunda atvinnurekstur, meðan hin gerir það ekki. Það er skilningur KPMG að ekki sé sjálfgefið að ÞG stundi atvinnurekstur og verður því ekki frekari umfjöllun að finna hér um slíkar stofnanir. Þó má vísa til þess að slíkar sjálfsseignarstofnanir eru í eðli sínu ekki svo ólíkar einkahlutafélagi, sem rekið er með almannaheillasjónarmið í huga, sbr. umfjöllun hér síðar, fyrir utan þó það, að sjálfsseignarstofnun á sig sjálf, eins og nafnið gefur til kynna.

#### *Sjálfsseignarstofnun sem starfar skv. staðfestri skipulagsskrá*

Sjálfsseignarstofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá byggja tilverurétt sinn á sérstakri löggjöf, nr. 19/1988. Algennt er að slíkar stofnanir séu stofnaðar utan um ýmiskonar styrktar- og

Líknarsjóði, menntastofnanir og aðra starfsemi sem rekin er með samfélagsleg markmið í huga, í nær- eða fjærumhverfi.

Eðli slíkra stofnana er að þær eiga sig sjálfar, þ.e. stofnendur geta ekki krafist þess að fá neinskonar arð eða beinan fjárhagslegan ávinning greiddan til sín af eigin fé stofnunarinnar. Þannig eru hverskonar framlög í formi styrkja eða stofnfjár óafturkræf.

Ekki er um að ræða neinskonar skyldu til greiðslu tekjuskatts af hagnaði og er stofnunin ekki skyld til að sinna skattskilum. Halda ber bókhald og skila ársreikningi ár hvert til ríkisendurskoðunar.

Ákvæði löggjafarinnar varðandi stjórnareiningar eru mun fábrotnari en í hlutafélagalöggjöf. Þrátt fyrir það er að mati KPMG ekkert sem kemur í veg fyrir að í skipulagsskrá sé gert ráð fyrir tveimur lögum af stjórnareiningum, þ.e. stjórn og svo einhverskonar starfsstjórn, sem færi með daglegan rekstur félagsins samhliða framkvæmdastjóra.

Benda skal á að sömu sjónarmið eiga við um slíka stofnun og vikið var að hér að framan varðandi heimildir til að styrkja t.d. mennta- og fræðslustofnanir í heimabyggð. Þannig gæti slík stofnun veitt styrki (fjármagn) til fræðslumála ef svo ber undir.

#### ***Samantekt – Tafla yfir mismunandi reglur***

	<i>Sameignarf.</i>	<i>Samlagsf.</i>	<i>Samlagshlutf.</i>	<i>Byggðasamlag</i>	<i>Sjálfseignarst</i>	<i>Hlutafélag</i>
<b><i>Ábyrgð</i></b>	ótakmörkuð	einn ábyrgur	einn ábyrgur	Ótakmörkuð	takmörkuð	takmörkuð
<b><i>Tekjuskattur</i></b>	36%****	36%****	0% /20%*****	0%	0% / 36%	20%*
<b><i>Úttekt/Arður</i></b>	Heimilt	Heimilt	Heimilt**	Heimilt	Óheimilt	Heimilt**
<b><i>Skattl. úttektar</i></b>	0%	0%	0% /20%*****	N/A	N/A	20%*****

\*ef félagið hefur „almannaheilla“ tilgang getur félagið verið undanþegið greiðslu tekjuskatts

\*\* ef greiddur er tekjuskattur af hagnaði, annars óheimilt (óheimilt að taka út úr „almannaheillafélagi“

\*\*\* sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri geriðir 36% skatt, aðrar engan skatt

\*\*\*\* getur verið ósjálfstæður skattaðili, eigendur skattleggjast þá, þó ekki sveitarfélög

\*\*\*\*\* sé eigandi sveitarfélag greiðist fjármagnstekjuskattur, en almennt greiða hlutafélög sem fá arð frá öðrum hlutafélögum, ekki skatt

### **Niðurstöður**

Að teknu tilliti til þeirrar umfjöllunar sem finna má í minnisblaði þessu, er það mat KPMG að hentugast væri að Þróunarfélag Grundartanga verði rekið sem einkahluta- eða hlutafélag. Helstu rökkin eru þau að með því móti er best tryggt að sveitarfélögin sem að félaginu kynnu að standa, gætu tryggt stjórnunarleg yfirráð. Slíkt myndi kalla á tvo flokka hlutabréfa, en slíkt fyrirkomulag er vel þekkt í hlutafélögum.


Þá felst einnig í hlutafélagiforminu sá sveigjanleiki sem nauðsynlegur er, meðal annars m.t.t. þess að hægt er að velja um það hvernig skattlagningu er háttáð og ekki búið að skjóta loku fyrir það að eigendur, þ.e. sveitarfélögin, ráðstafi til sín mögulegum hagnaði.

Þá er ljóst að þrátt fyrir að hlutafélagalöggjöf sé sveigjanleg, þá er í henni að finna vel þekkrar grunnreglur sem aðilar í atvinnulífinu þekkja vel til og ekki er hægt að víkja frá.

Þrátt fyrir að KPMG mæli með hlutafélagiforminu, er einnig til staðar sá möguleiki að nýta form sjálfseignarstofnunar. Þó skal því haldið til haga að löggjöf um þær er mun fábrotvari en löggjöf um einkahluta- og hlutafélög. Það form er einnig minna þekkt sem rekstrarform hjá aðilum í atvinnurekstri. Af því leiðir að ef ætlunin er að blanda saman sveitarfélögum og félögum reknum í atvinnuskyni hentar form sjálfseignarstofnana síður.

Virðingarfyllt

**KPMG ehf.**



Jónas Rafn Tómasson



Oddur Gunnar Jónsson

Ráðleggingar okkar í þessari álitsgerð eru takmarkaðar við þær niðurstöður sem settar eru beint fram í skjalinu og byggjast á að allar staðreyndir, ályktanir og staðhæfingar sem þar eru settar fram séu fullnægjandi og réttar. Ef einhver fyrrgreindra staðreynda, ályktana eða staðhæfinga er ekki fullnægjandi eða er röng er afar mikilvægt að okkur sé gerð grein fyrir því þegar í stað þar sem það gæti haft veruleg áhrif á niðurstöður okkar. Ráðleggingar okkar byggjast á ákvæðum skattalaga og reglugerða, úrskurðum yfirskattanefndar, fyrimælum stjórnvalda, héraðsdómum og hæstaréttardómum. Þessar heimildir geta breyst, afturvirkir og/eða að því er varðar framtíðina, og allar slíkar breytingar geta haft áhrif á gildi ráðlegginga okkar. Við munum ekki uppfæra ráðleggingar okkar í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna nýrra túlkana dómstóla eða stjórnvalda á þeim.